



Matvælatækni

Mat á árangri gerileyðingar - Sýnataka með bómullarpinna


Sýnataka með bómullarpinna (e. *swab*) hentar vel til þess að mæla fjölda örvera á yfirborði eftir þrif og gerileyðingu og leggja þannig mat á árangurinn. Megin kostur þessarar sýnatöku er hve vel er hægt að ná upp úr flötum, jafnvel þó þeir séu ójafnir eða slitnir. Mæling fer síðan fram á rannsóknarstofu Matvælatækni þar sem mældur er heildarörverufjöldi í sýninu og umreiknað hjá okkur í skýrslunni sem fjöldi örvera á hverjum fersentimetra flatar.



Sýnatökubúnaðurinn samanstendur af sótthreinsuðum trépinna með bómul á endanum (2 stk. í bréfi) og túbu sem inniheldur þar til gerða sótthreinsaða upplausn.



Byrjað er á því að opna bréfið með því að draga flipana í sundur og þá birtist sá endi trépinnans sem haldið er utan um við sýnatöku.



Síðan er túban opnuð með því að skrúfa lok hennar varlega af. Gæta skal þess vel að snerta ekki lokið að innanverðu eða stút túbunnar. Leggið lokið (á hvolfi) til hliðar á hreinan flöt til geymslu meðan sýni er tekið.



Takið annan trépinna og bleytið bómulina með því að renna pinnanum ofan í túbuna.



Strjúkið vel með rökum pinnanum yfir 2 x 4 cm svæði (fyrst langsum og síðan þversum) til að ná upp hugsanlegum óhreinindum og þ.m.t. örverum af þeim fleti sem mæla á.



Rennið pinnanum niður í túbuna, svona u.þ.b. hálfra leið og brjótið varlega trélegginn svo að stubburinn detti niður í túbuna.

Loks skal nota seinni pinnann og þurrka upp sýnatökusvæðið með honum og brjóta hann líka ofan í túbuna.



Takið lokið upp (án þess að snerta rönd loksins) og skrúfið þéttingsfast á túbuna. Merkið túbuna með tússpenna: sýnatökustaður, dags og tími. Sendið túbuna til mælingar samdægurs, ásamt útfylltri pöntun til Matvælatækni.

Ítarefni má skoða á <http://www.foodtech.biz/hk.htm>